

## Réttarfarsnefnd

---

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1201  
komudagur 11.3.2009

Viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingishúsið við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2009.

Réttarfarsnefnd vísar til tölvubréfs viðskiptanefndar Alþingis, frá 26. febrúar sl., þar sem þess er farið á leit að réttarfarsnefnd skili umsögn um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn (þskj. 135 - 125. mál). Réttarfarsnefnd tekur fram að ekki hefur gefist tóm til að fara ítarlega yfir efni frumvarpsins en nefndin vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Réttarfarsnefnd bendir á að gildissvið frumvarpsins er óljóst þar sem ekki verður af því ráðið hvort það eigi við um kröfuréttindi sem hafa verið framseld lánastofnunum. Einnig verður ekki betur sér en frumvarpið nái til þeirrar aðstöðu að gengist sé í ábyrgð við framsal kröfuréttinda til lánastofnunar, svo sem þegar framseljandi hefur eignast skuldabréf, t.d. við sölu eignar. Nýtur þá framseljandi meðal annars verndar af aðfararbanni í 8. gr. frumvarpsins, en það ákvæði verður nánar rætt hér á eftir. Loks leikur verulegur vafi á þeim reglum sem gilda eiga um framsal þessara krafna, þar með talið um réttarstöðu framsalshafa.

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna reglur, sem myndu takmarka mjög heimild kröfuhafa til að leita fullnustu hjá ábyrgðarmanni. Það er mat réttarfarsnefndar að þessar takmarkanir fái með engu móti staðist. Skal þess einnig getið að takmarkanir af þessu tagi eiga sér ekki fyrirmynd í löggjöf nágrannaríkjanna.

Til stuðnings þessu skal bent á að tæplega getur verið eðlilegt að undanþiggja fasteign fjárnámi þótt ábyrgðarmaður sé búsettur í eigninni, eins og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Virðist þá engu skipta verðmæti þeirrar fasteignar sem er í húfi. Á hinn bóginn virðist gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ábyrgðarmaður geti veðsett fasteign sína með bindandi hætti þótt hann haldi þar heimili með fjölskyldu sinni. Þetta myndi væntanlega leiða til þess, ef frumvarpið verður að lögum, að gerður yrði áskilnaður við lánveitingu um veð í eign þriðja manns í stað ábyrgðar hans. Slíkur áskilnaður væri með engu móti til hagsbóta fyrir ábyrgðarmann.


Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lánveitandi geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa lánveitanda á rót sína að tekja til persónulegrar ábyrgðar nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða. Hér er þess að gæta að kröfuhafi getur lýst kröfu sinni í bú ábyrgðarmanns ef bú hans hefur

verið tekið til skipta af öðru tilefni. Þannig virðist sú tilviljun ein ráða fullnustumöguleikum kröfuhafa hvort skipti hafi náð fram að ganga á grundvelli kröfu annars lánardrottins eða skuldara sjálfs. Vandséð er hvernig jafnræði með kröfuhöfum er tryggt við slíka lagasetningu, þar sem sumum kröfuhöfum verður unnt að leita fullnustu ábyrgðarkröfu við gjaldþrotaskipti meðan öðrum verður það ókleift. Þá er óljós og matskenndur sá fyrirvari að um sviksamlegt undanskot hafi verið að ræða og má gera ráð fyrir að torvelt verði að beita honum í framkvæmd.

Í athugasemdum við 12. gr. frumvarpsins segir að miðað sé við að frumvarpið taki til samninga um ábyrgðir sem gerðir eru frá og með gildistöku. Þetta á sér hins vegar enga stoð í gildistökuákvæðinu en þar segir án nokkurs fyrirvara að lögin öðlist þegar gildi. Verður því ekki betur séð en að frumvarpið hafi afturvirk áhrif á þær ábyrgðarskuldbindingar sem þegar hafa stofnast. Af því gæti hæglega leitt að ábyrgðarkrafa sem nú kann að vera auðinnheimtanleg fáist ekki greidd ef frumvarpið verður að lögum, þar sem eini kosturinn til að fá fullnustu hennar væri að ganga að tryggri fasteign ábyrgðarmanns sem hann býr í. Í þessu sambandi er rétt að minnst þess að kröfuréttindi eru eign, sem nýtur verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því er löggjöf sem gerir slík réttindi verðlaust vart samrýmanleg stjórnlögum nema fullar bætur komi fyrir.

Að gættum þeim atriðum sem að framan greinir er það mat réttarfarsnefndar að ekki sé fært að mæla með því að frumvarpið verði lögfest óbreytt. Full ástæða er hins vegar til að taka fram að mjög gæti orðið til bóta að lögfesta sams konar reglur og fram koma í frumvarpinu um ýmis atriði, svo sem aukna upplýsingaskyldu þegar gengist er í ábyrgð. Mundu slíkar reglur þó betur eiga heima annars staðar en í sérlögum um ábyrgðarmenn. Eins er ástæða til að minna á að lengi hefur verið til umræðu hvort ekki þurfi að erlendum fyrirmundum að setja löggjöf um skuldabréf hér á landi. Gætu sumar reglur frumvarpsins vel átt heima í slíkri löggjöf. Einnig kæmi til álita að ýmsar af reglum frumvarpsins yrðu settar í löggjöf um fjármálafyrirtæki.

Virðingarfyllst,  
f. h. réttarfarsnefndar

  
Benedikt Bogason, ritari